

Skýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Smára 2010

SMÁRI



Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Hrunamannahreppi

Nefndarfólk: Kolbrún Haraldsdóttir, Maja Roldsgaard, Einar Logi Sigurgeirsson, Leifur Stefánsson og Vigdís Furuseth

Nefndin kom saman eftir áramótin þar sem lögð voru drög að dagskrá ársins. Var mikill hugur í fólki og ýmislegt áformað. Sumt átti eftir að standast en annað varð að lúta í lægra haldi fyrir hestapestinni sem herjaði á Smárahesta jafnt og aðra hesta vítt og breitt um landið. Æskulýðsnefndin hefur haldið nokkra fundi á árinu auk þess sem tölvupóstur og sími hefur mikið verið notaður í samskiptum. Hér á eftir verður stiklað á stóru varðandi æskulýðsstarfið hjá okkur.

Æskan og hesturinn

Í mars fór fríður flokkur Smáarakrakka í rútu á sýninguna „Æskan og hesturinn“ í Víðdal. Er það orðin árviss viðburður hjá okkur og allir skemmtu sér vel á sýningunni. Á heimleiðinni var staldrað við á Selfossi þar sem hópurinn gæddi sér á pizzum á Pizza Islandia.

Hestaval

Síðastliðið haust bauð Flúðaskóli í samstarfi við hestamannafélagið Smára upp á svokallað hestaval á unglingastiginu. 12 unglingar tóku þátt og unnið var með Knapamerki 1 og 2 í vetur. Fyrri hluta vetrar var unnið með bóklega hlutann en seinnipart vetrar voru verklegir tímar í reiðhöllinni á Flúðum. Nemendur komu með eigin hesta í þá tíma. Reiðkennari var Cora Claas.

Reiðnámskeið

Reiðnámskeið hófst um miðjan mars og stóð fram í lok apríl. Um kennsluna sá Cora Claas og fór kennslan fram í reiðhöllinni á Flúðum. Var námskeiðið vel sótt en þátttakendur voru flestir á aldrinum 4 - 12 ára og má skýra litla þátttöku unglunga með tilkomu hestavalsins. Í einum hópnum voru börn frá 4 - 6 ára og mæltist það vel fyrir að bjóða svo ungum knöpum upp á kennslu.

Hestheimaferð

Til stóð að fara með börn og unglunga í Hestheima fyrstu helgina í maí. Var góð skráning og mikil tilhlökkun hjá krökkunum enda margir sem fara ár eftir ár í þessa ferð okkar og skemmta sér alltaf jafn vel. Því miður þurftum við að blása ferðina af á síðustu stundu vegna hestapestarinnar sem blossaði upp á þessu svæði.

Hestafjör 2010

Æskulýðsnefndir Geysis og Sleipnis skipulögðu hestasýningu barna- og unglunga í reiðhöllinni á Hellu um miðjan maí. Fyrirhugað var að öll sunnlensku hestamannafélögin kæmu að sýningunni. Því miður þurfti að blása sýninguna af vegna hestapestarinnar en vonandi verður þessi sýning að veruleika næsta vor. Átta börn úr Smára voru búin að æfa atriði fyrir Hestafjör undir stjórn Coru Claas og Guðmanns Unnsteinssonar. Það voru því mikil vonbrigði að ekki varð af sýningunni en þau munu án efa mæta tvífeld til leiks að vori.

Barna- og fjölskyldureiðtúr

Um miðjan júlí var farið í barna- og fjölskyldureiðtúr og var þátttakan ótrúlega góð eða rúmlega 40 manns. Var komið ríðandi eða á bíl úr báðum sveitum félagsins og hist á Álfaskeiði. Þar var boðið upp á grillaðar pylsur auk ýmiss góðgætis og farið í leiki. Góð stemning skapaðist á þessum fallega stað þar sem börn og fullorðnir skemmtu sér saman.

Æskulýðsdagur

Laugardaginn 21. ágúst var haldin æskulýðsdagur Smára á svæði félagsins í Torfdalnum á Flúðum. Um 30 börn og unglingar tóku þátt auk fullorðinna en dagurinn var fjölskylduhátíð þar sem ungir og aldnir léku sér saman. Dagskráin hófst á atriðinu „Teymt undir börnunum“ en þetta atriði er fyrir þau allra yngstu þar sem fullorðnir hjálpa þeim allra yngstu. Var gaman

að sjá hvað yngstu knaparnir voru duglegir og höfðu góða stjórn á hestunum. Næst var töltkeppni barna og unglunga og var sérstaklega litið til þátta eins og ásetu auk samspils knapa og hests. Þrautakeppni var næst á dagskránni en hún fór fram í reiðhöllinni. Þátttakendum var skipt í tvo flokka, eldri og yngri. Börnin sýndu snilldar takta og gaman að sjá hversu vel þeim gekk að leysa þrautirnar. Síðan var slegið á léttu strengi og keppt í mjólkurreið. Þátttakendur voru á öllum aldri og keppnin æsispennandi. Öll börnin fengu viðurkenningarskjal eða viðurkenningarpening fyrir þátttökuna. Í lokin voru veitingar í boði, enda allir orðnir svangir eftir skemmtilegan dag. Tókst dagurinn vel í alla staði og þátttakendur héldu heim sælir og glaðir.



Haustferð

Farið verður í skoðunarferð 29.október 2010. Heimsótt verða valin hrossaræktarþú og tamningastöðvar á suðurlandi. Þar fá krakkarnir fræðslu og sýnikennslu auk þess að skoða aðstöðu hesta og manna. Að skoðunarferð lokinni verður borðað á veitingastað áður en lagt er af stað heim á leið. Ferðin er ætluð unglingum og eldri börnum í félaginu.

bestu kveðjur frá Æskulýðsnefnd Smára

Kolbrún Haraldsdóttir, formaður

Maja Roldsgaard,

Einar Logi Sigurgeirsson,

Leifur Stefánsson

Vigdís Furuseth